

**Ed.**

**435. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 68, 3. nóv. 1915 (Landhelgissjóður Íslands).

Frá sjávarútvegsefnd.

Eins og kunnugt er var landhelgissjóður stofnaður með lögum nr. 55, 10. nóv. 1913, og ákveðið, að honum skyldi á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands fyrir ólöglegum veiðum.

Með lögum nr. 68, 3. nóv. 1915, er svo ákveðið, að sjóðnum skuli á sínum tíma varið til að koma npp einu eða tveimur nýjum strandgæsluskipum.

Nefndinni er það ljóst, að enn hlýtur það að eiga sjer nokkurn aldur, áður hægt er fyrir sjóð þennan að koma sjer upp nýju góðu strandgæsluskipi og halda því úti. Á hinn bóginn er aukning eftirlitsins við strendur landsins brýn nauðsyn.

Árangur þeirra tilrauna, sem landsmenn hafa þegar gert að því er snertir aukið eftirlit landhelginnar með gufubátum og mótorbátum, og þá sjerstaklega eftirlitsstarfsemi björgunarskipsins »Þórs« við Vestmannaeyjar, Rangársand og svo gæsla hans og annara skipa fyrir Norðurlandi um síldveiðatimann, er þess ljósastrur vottur, að mikið má bæta eftirlitið með þeim tækjum, sem nú er kostur á, þó það geti ekki orðið svo fullkomið, sem menn annars myndu kjósa.

Nú virðist sú skoðun vera í fyrirrúmi hjá Alþingi, að alt kapp verði að leggja á að varðveita landhelgina fyrir ágangi innlendræ og útlendra togara og erlendra fiskiskipa, og með því að geta ríkissjóðs til fjárframlaga í þessu skyni er nú sem stendur takmörkuð, er ekki óeðlilegt, að leitað sje til landhelgissjóðs, sem stofnaður var upphaflega til eflingar landhelgisvörnum.

Nefndin er eftir atvikum samþykk frv., með því líka, að ekki virðist ástæða til að ætla, að með þessu taki fyrir vöxt sjóðsins, þannig að allir vextirnir og sektarfe það, sem áskotnast kann sjóðnum, verði gert að eyðslueyri, enda væri mjög óheppilegt að ganga svo nærri sjóðnum.

Þá ætti hin aukna landhelgisgæsla, sem á þennan hátt fengist, að geta orðið sjóðnum tekjuauki með auknum sektum, sem í hann rynnu. Tekur nefndin þetta fram vegna þess, að henni er óljúft, að sjóðurinn skerðist svo til muna, að tilgangi hans samkv. lögnum frá 1915 verði ekki náð í náinni framtíð, enda skoðar hún þá tilhögun, sem frv. fer fram á, vera bráðabirgðarástöfun vegna hins erfiða fjárhagsástands ríkisins, en ekki frambúðarfyrirkomulag.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að háttv. deild samþykki frv.

Alþingi, 23. apríl 1924.

Björn Kristjánsson,  
formaður.

Jóhann P. Jósefsson,  
skrifari og framsögum.

Ingvar Pálmason.